

Minnisblað

Til: Menningarmálanefnd
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir
Dags. 27. ágúst 2022
Mnr. 2022050016



ÍSAFJARÐARBÆR

Framkvæmdaáætlun 2023-2033 - menningarmál

Á árinu 2021 var unnið ítarleg könnun á framkvæmdaþörf menningartengdrar starfsemi, voru tillögur þess efnis lagðar fyrir bæjarstjórn til samþykkar við vinnslu framkvæmdaáætlunar 2023-2033, sbr. minnisblað undirritaðrar dags. 27. ágúst 2021. Minnstur hluti verkefnanna sem samþykkuð var hefur verið framkvæmdur og er því lagt til að menningarmálanefnd óski eftir framkvæmd sömu verkefni í framkvæmdaáætlun 2023-2033 án frekari viðbóta.

Nokkur verkefni eru nauðsynleg í menningarstarfsemi:

1. Safngeymslur og starfsaðstaða - héraðsskjalasafn

Samkvæmt bókun á 1120. fundi bæjarráðs þann 7. september 2020 var bæjarstjóra falið að vinna að hönnun og þarfagreiningu geymslurýmis fyrir söfn sveitarfélagsins, samtímis hönnun og þarfagreiningu nýrrar slökkvistöðvar, en nýta má bygginguna undir starfsemi beggja stofnana. Samkvæmt fjárfestingaráætlun ársins 2021 var gert ráð fyrir 4 m.kr. vegna hönnunarvinnu fyrir safngeymslur. Þarfagreining liggur fyrir í máli 2019080002, og var lögð fram á 154. fundi menningarmálanefndar, og 1127. fundi bæjarráðs. Staðarvalsgreining slökkvistöðvar var lögð fram í skipulags- og mannvirkjanefnd í lok október 2021, en engin ákvörðun hefur verið tekin um framhald málsins.

Við samþykkt framkvæmdaáætlunar fyrir árin 2022-2032 var samþykkt í bæjarstjórn að setja af stað frumhönnun slökkviliðsstöðvar og að héraðsskjalasafn myndi fá aðstöðu í þeirri byggingu fyrir geymslur og starfsaðstöðu. Ákveðið var að á árinu 2022 yrðu 10 m.kr. settar í hönnunarvinnu. Í kjölfar þess og árin 2023-2027 yrði um 695 m.kr. veitt í byggingu, auk 600 m.kr. vegna byggingar safngeymsla (1000 m² stálgrindarhús). Þegar minnisblað þetta er ritað hefur frumhönnun ekki farið fram.

Áfram er því lagt til að hönnun safngeymslna og vinnuaðstöðu starfsfólks héraðsskjalasafns og ljósmyndasafns verði samtvinnað hönnun nýrrar slökkvistöðvar, og unnin á árinu 2023. Í kjölfarið þyrfti að áætla fjármuni til að reisa stálgrindarhús sem hýst gæti starfsemi beggja stofnana.

2. Framkvæmdir á Safnahúsi og geymslur héraðsskjalasafns (tímabundin)

Bókasafn Ísafjarðar vann á árinu 2021 stefnu um starfsemi safnsins, og þar sem fram komu áætlanir um frekari starfsemi í húsinu, s.s. aðstöðu fyrir fyrirlestra, lestrarrými, foreldramorgna, námskeið og fleira. Á meðan starfsemi bókasafnsins og héraðsskjala- og ljósmyndasafnsins er undir einu þaki er ekki rými til útvíkkunar starfsemi bókasafnsins eins og vilji er til.

Ítrekað er því að nauðsynlegt er að koma starfsemi héraðsskjalasafnsins undir annað þak, sbr. lið nr. 1.

Samhliða þessu er nauðsynlegt að halda áfram framkvæmdum við Safnahúsið. Mikil mygla hefur verið í kjallara hússins, sem gerir rýmið óstarfhæft, og liggja gögn safnanna undir skemmdum. Þá er viðverandi lekavandamál við glugga og á norðurgafli hússins.

Nauðsynlegt er því að áfram verði fjárfest í endurbótum á Safnahúsinu, þ.e. endurbygging v. vatnsskemmda (veggir og gólf í kjallara, loftræsting, gluggar/rúður, o.fl. Gera má ráð fyrir amk kr. 30.000.000 vegna allra framvæmda. Á 157. fundi menningarmálanefndar þann 3. júní 2021 var lögð fram ástandsskýrsla forstöðumanns vegna hússins og bókaði nefndin að hún telji mikilvægt að hugað verði að endurbótum á Safnahúsinu, sérstaklega myglu- og rakavandamálum í kjallara. Menningarmálanefnd lagði til við bæjarráð að samþykkt yrði að áætlað verði fyrir ríflegum endurbótum á fjárhagsáætlun ársins 2022, sérstaklega varðandi kjallara innanhúss, raka við norðurgafli, glugga að utanverðu og gler í gluggum. Menningarmálanefnd hefur lagt áherslu á að endurbótum verði lokið að fullu fyrir 100 ára afmæli hússins 17. júní 2025.

Málið var lagt fram í bæjarráði þann 7. júní 2021, á 1156. fundi, þar sem bókað var að bæjarráð tæki undir bókun menningarmálanefndar og fól bæjarstjóra að gera verk- og kostnaðaráætlun vegna viðhalds hússins og leggja fyrir bæjarráð.

Við fjárhagsáætlunargerð ársins 2022 var samþykkt að setja 20 m.kr. á árinu 2022 og 10 m.kr. á árinu 2023 í endurbyggingu kjallara, loftræstingu, nýja glugga á safnahúsi og gólf, vegna leka- og mygluvandamála með gluggum og í kjallara. Vinna vegna viðhalds utandyra er hafin nú síðsumars árið 2022, og er áætlað að henni ljúki í október 2022. Í kjölfarið verði unnið að endurbótum og framkvæmdum innandyra. Mikilvægt er að endurreikna og áætla kostnað vegna uppbyggingar innandyra á árinu 2023.

Við endurbyggingu innandyra mun þurfa að færa öll safngögn úr kjallara úr húsinu og finna því annan stað. Lagt er til að skoðað verði að sú geymsla sem verði fyrir valin verði hugsuð til langs tíma fyrir gögn héraðsskjala- og ljósmyndasafns, þannig að þau gögn komi ekki aftur í kjallara Safnahúss. Þannig ætti að myndast rými fyrir hugmyndir og stefnu Bókasafns um rýmkun starfsemi hússins. Hér þyrfti að skoða leigu rýmis til langs tíma eða kaup á geymslurými, þar til nýbygging hefur litið dagsins ljós.

Lagt er því til að á framkvæmdaáætlun 2023 verði gert ráð fyrir fjármunum í kaup á geymsluhúsnæði héraðsskjalasafns, auk fjármuna til áframhaldandi viðhaldsframkvæmda.

Þrátt fyrir að verkefni nr. 1 og nr. 2 eru nauðsynleg í safnastarfsemi er lagt til að fjárfest verði í öðrum verkefnum á menningarsviði þegar horft er til framtíðar.

3. Byggðasafn Vestfjarða – nýbygging

Lagt er til að árið 2024 verði hugað að uppbyggingu húsnæðis á safnasvæði Byggðasafnsins, þ.e. að ljúka við hús það er nú hýsir Upplýsingamiðstöð ferðamála, geymslu, skrifstofu og vinnuástöðu starfsmanna Byggðasafns Vestfjarða. Nú þegar er grunnur hússins tilbúinn, um 400 m², og fyrirliggjandi hönnunargögn gera ráð fyrir að nýtt hús verði úr timbri og gleri. Áætlað verð vegna byggingar er um kr. 300.000.000. Húsið myndi nýtast fyrir núverandi starfsemi, rýmka um Upplýsingamiðstöð, sem nauðsynlegt er vegna fjölgunar ferðamanna á svæðinu (ekki síst vegna aukningar skemmtiferðaskipa), svo og fyrir kaffihús eða aðra veitingastarfsemi. Með húsi af þessu

tagi yrði þétting í þjónustu, starfsemi og uppbyggingu safna- og ferðamannasvæðisins í Neðsta kaupstað, og yrði bæjarfélaginu til sóma.

Bæjarstjórn samþykkti árið 2021 að hefja uppbyggingu umræddar byggingar. Áætlað var að á árinu 2023 yrði veittar um 10 m.kr. til frekari hugmyndavinnu og hönnunar, og á árinu 2024-2028 yrði um 450 m.kr. veittar í verkefnið. Lagt er til að umrætt verkefni fái áfram stað í framkvæmdaáætlun.

4. Suðurtangi 2 - húsnæði

Í upphafi árs árið 2022 var gengið frá kaupum Ísafjarðarbæjar að Suðurtanga 2, húsi Sjósportmiðstöðvar Íslands. Fór afhending fram vorið 2022, en Sæfari var með húsið sumarið 2022 í tengslum við kayak- og sjóportnámskeið barna. Engar frekari ákvarðanir hafa verið teknar af bæjarstjórn um framtíðarnotkun hússins, en mikilvægt er að niðurstaða verði fengin um hvort nota megi/eigi húsið fyrir safnastarfsemi tengda Byggðasafni Vestfjarða. Ef svo á að vera þarf að gera ráð fyrir fjármunum til endurbyggingar hússins svo það henti starfseminni sem þar á að fara fram, svo og brunavarna.

5. Ný bifreið fyrir Byggðasafn Vestfjarða

Upphaflega voru áætlaðar voru 2,5 m.kr. í nýja bifreið fyrir Byggðasafn Vestfjarða á árinu 2022, en svo fallið frá því. Bifreiðin hefur ekki verið keypt, og hefur forstöðumaður óskað eftir kaupum á snjóblásara í staðinn.

Niðurstaðan er sú að leggja til við skipulags- og mannvirkjanefnd að samþykkt verði eftirfarandi fjárfesting í fjárfestingaráætlun Ísafjarðarbæjar 2023-2033

	Verkefni	Verkþættir	Fjárfesting skv. áætlun 2022	2023	2024	2025-2032
1.	Húsnæði: Safngeymslur	Safngeymslur hönnunargögn	10.000 (ónotað)	10.000 (hönnun)		
1.	Húsnæði: Safngeymslur og skrifstofur	Safngeymslur bygging nýs húsnæðis fyrir geymslu og vinnuástöðu héraðsskjalasafns, ljósmynda og listasafns (1000 m2 stálgrindarhús)			300.000 (bygging)	300.000 (bygging)
2.	Húsnæði: Safnahús	Safnahús, endurbygging v. vatnsskemmda (veggir kjallari, gólf kjallari, loftræsting, gluggar)	20.000	10.000 (þarf að uppreikna)		
3.	Húsnæði:	Nýbygging		10.000		300.000

	Byggðasafn nýbygging	Byggðasafni Vestfjarða / Upplýsingamiðstöð. 450 m2 (gler og timbur)		(hönnun)		(bygging)
4.	Húsnæði: Suðurtangi 2	Endurbætur á Suðurtanga 2, fram tíðarbátageymsla		10.000		
5.	Bifreið: Byggðasafn Vestfjarða	Snjóblásari		1,5		